



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Vigdísar Finnbogadóttur  
1. janúar 1986

Góðan dag, góðir Íslendingar.

Gleðilegt nýtt ár.

Megi árið 1986 reynast okkur öllum gæfuríkt og gjöfult. Fyrsti dagur ársins hefur þá sérstöðu umfram aðra tímamótadaga að vera ekki afmælisdagur minninganna heldur fæðingardagur framtíðarinnar, næstu 365 daga, þar til áramót renna upp á ný og aftur verður haldið upp á afmæli með nýrri og ferskri einbeitingu. Þetta er dagur viljans til að vona. Og ekki þarf að fara mörgum orðum um, að vonin er manningum hin mesta gersemi í allri framtíðarsýn.

Á þessum fæðingardegi getur enginn gert sér að fullu grein fyrir hvernig framtíðin lítur út, en fyrir allar þjóðir sem eiga sér minningar er það sjálfsögð hugsun að engin framtíð er til án tengsla við fortíð. Við Íslendingar búum við þá gæfu að vitund okkar um sameign okkar, söguna, er sterk, svo sterk að hún er meginskýring okkar á því hver við erum og hvar við erum stödd á jörðinni í gervallri mannkynssögunni. Allir menn á öllum aldursskeiðum leita til minninga sinna, vegna þess að hið liðna, sagan, er skýring á andránni. Og svo mikilvæg er manningum saga fortíðar að hann mun vera eina spendýr jarðarinnar sem ekki er fætt með reynslu kynslóðanna, heldur verður að læra hana, og tileinka sér af annarra sögn eða eigin rannsókn – að minnsta kosti er hann eina veran sem stöðugt skráir samtíð sína framtíðinni til fróðleiks.

Alla tíð hefur manningum þótt hann lifa mikla umbrotatíma. Varla er þó ofmælt að aldrei hafi Íslendingar lifað slíka umbrotatíma sem nú, þegar hafið kringum okkur, sem einu sinni var okkur bæði vörn og farvegur til annarra þjóða, gegnir ekki lengur því hlutverki. Þegar tengsl okkar við umheiminn færast æ meir yfir á svífandi hnetti í himinhvolfinu, þegar ný tækni hefur leyst náttúruna af hólmi, tækni sem getur orðið til ómældrar farsældar ef rétt er á haldið. En allar nýjungar geta rofið tengslin milli fortíðar og framtíðar. Því þarf ávallt að halda vöku sinni andspænis þeim, velja það sem gott er, hafna hinu.

Við höfum nú kvatt ár, sem sérstaklega var tileinkað æskunni. Vissulega er heimur nútíðarinnar, heimur íslenskrar æsku, ólíkur heimi fortíðarinnar, en svo hefur oft verið. Unglingur með tölvu sína á okkar dögum er ekki með skelfilegra tæki í höndum en jafnaldri hans snemma á þessari öld með símann eða nýjungagjarn bóndi á sinni tíð með sláttuvél. Okkur, sem nú erum á fullorðinsárum má aldrei vaxa ný tækni svo í augum að við teljum okkur hennar vegna ekki geta náð til hinna yngri, sem hafa hana á valdi sínu að okkur virðist fyrirhafnarlaust. Við megum ekki á þann veg láta tæknina grafa gjá milli kynslóða.

Samt er tækni nútímans sundurgreinandi, sundrandi kynslóðum. Eldri kynslóð þekkir ekki þann heim sem einn er heimur nýrrar kynslóðar og ný kynslóð kannast ekki við þann heim sem hin eldri var handgengin. Við þær aðstæður verður okkur vonandi sem aldrei fyrr ljós nauðsyn sögunnar, brúarinnar milli tímanna, milli kynslóðanna. Ljóst er að aldrei má gleymast það sem skáldið góða gerði að heilagri þrenningu okkar, „land, þjóð og tunga ...“

Oft er sagt að heimilið sé hornsteinn þjóðfélagsins og vissulega er það svo. En heimilið á okkar dögum er öðruvísi hornsteinn en nokkru sinni fyrr. Fyrir fáum áratugum voru svo til öll íslensk heimili jafnframt vinnustaðir kynslóðanna, yngri sem eldri. Þar gengu allir til sinna verka. Þar var hvort tveggja í senn griðarstaðurinn og vinnustaðurinn. Með iðnbyltingu og tæknivæðingu gerbreyttust hlutverk heimilisins. Atvinnulífið fluttist burt og með atvinnulífínu sá hluti fjölskyldunnar sem mest hvíldi á, fyrst heimilisfaðirinn, síðan móðirin, – og þá afi og amma.

Um leið og samskipti kynslóðanna á heimilinu breyttust, fór að gæta sterkar en fyrr tilhneigingar til sundurgreiningar á tilveru kynslóðanna. Atvinnulaus börn og unglingar heima fyrir kölluðu á nýja þjónustu, nýjan skilning umhverfisins. Og um leið var farið að líta á þau sem sérstæðari verur en fyrr, sem sérstakan hóp neytenda. Sá skilningur blasir við augum hvert sem lítið er í dag. Mér er sagt að nú eigi fjölmörg íslensk börn erfitt með að gera sér mynd af foreldrum sínum á vinnustað, einfaldlega vegna þess að þau hafa aldrei séð þabba og mömmu við verk sín.

Mér er einnig sagt að sumir íslenskir unglingar eigi í þrengingum með að tjá sig, því að við þá sé lítið talað nema gegnum útvarp og sjónvarp. Og í þeim samræðum er aðeins annar aðilinn virkur, – hinn er óvirkur þiggjandi. Samtal og skoðanaskipti eiga sér ekki stað á þann veg. En sé mönnum vandinn ljós er hægt að stefna að því að bæta úr, og það gerir hver og einn sjálfur best með eigin metnaði.

Auðvitað eru unglingar öðruvísi en fullorðnir. Til allrar hamingju! Auðvitað hafa þeir annan skilning á tilveru sinni en þeir sem þegar hafa aflað sér miklu víðtækari lífsreynslu. Svo hefur alltaf verið, og þannig á það að vera. Unglingurinn með hvassa gagnrýni sína á hegðun fyrri kynslóða er engin nýlunda heldur endurtekning sögunnar. Hins vegar kann okkur nú að vera meiri þörf en fyrr á að rísa gegn þeim sundrandi skilningi sem að hefur verið vikið. Að leggja þess í stað áherslu á það sem tengir kynslóðirnar saman og sýnir að við erum öll í eðli okkar eins, tilheyrum sama mannkyni.

Öll getum við verið sammála um að fátt tengi kynslóðir þessa lands betur saman en sú tunga sem er stolt okkar. Í auðlegð tungunnar sjálfrar, íslenskunnar og samhengis hennar, er fjöregg þjóðarinnar fólgið.

Þær tæknibyltingar sem yfir okkur hafa dunið á skömmum tíma hafa vitanlega leitt til mikilla breytinga í orðaforða okkar og allri málnotkun. Aldrei fyrr hefur reynt sem nú á þanþol tungumálsins, á hæfni þess til endurnýjunar. Aldrei fyrr hefur blasað við jafnmikil hætta á að samhengið í málsögu okkar gæti rofnað. Því skal þó ekki gleymt að hér hefur þegar verið unnið mikilvægt starf. Orðasmíð og nýjungar í máli hafa orðið okkur þjóðaríþrótt og í samfélagi þjóðanna getum við verið stolt. Hins vegar má okkur ekki gleymast að tengja þráðinn til fortíðarinnar. Sá þráður einn er þess megnugur að varðveita þjóðarsál okkar og lifandi tjáningarmiðil hennar, íslenska tungu. Því án tungunnar erum við ekki þjóð meðal þjóða. Og með því að vera sjálfstæð þjóð með öðruvísi tungu og öðruvísi menningu en aðrir, höfum við eitthvað að gefa sem er öðruvísi. Alls þess sem því tengist ber okkur að gæta vel – láta ekki taka það frá okkur, af því að annars staðar séu menn vanir einhverju öðru ...

Eitt af sérkennum okkar Íslendinga er nafnahefð okkar. Við höfum haldið fast við þann gamla sið að heita skírnarnöfnum okkar og vera dætur og synir feðra okkar. Alls staðar þar sem við erum skráð er það fyrst og fremst með skírnarnafni, í þjóðskrá, símaskrá eða íslenskum æviskrám. Meðal annarra þjóða eru hins vegar ættarnöfn aðalnöfn manna og eru það þeirra siðvenjur. Nú hættir okkur við að gangast möglunarlaust undir það að afsala okkur þessum þætti í sjálfstæði og þjóðareðli. Á ráðstefnum með erlendu fólki, á flugfarseðlum og í erlendum gistihúsum, meira að segja á flugfarseðlum sem gefnir eru út á heimavettvangi heitum við ekki lengur Jón og Guðrún heldur Sigurðsson (komma) Jón, eða Jónsdóttir (komma) Guðrún. Og nú má spyrja, af hverju megum við ekki þar vera eins og hér heima, Guðrún Jónsdóttir og Jón Sigurðsson? Ekki er úr vegi að við höfum það sem nýársheit að leiðrétta þennan misskilning meðal erlendra manna og kenna þeim að virða sið sem oft hefur orðið efni í frásögu af sterkum þjóðareinkennum.

Sú tunga sem við lærðum ung við móðurkné er vandmeðfarin arfur. Rætur hennar liggja í fortíð, í horfinni menningu. Krónan breiðir sig yfir fjölhyggjuheim nútímans. Næringin milli róta og krónu fer um æðar sögunnar og án hennar verður laufskrúðið dauflegt og litsnautt.

Á fyrri tíð var órofa samhengi í þróun tungunnar tryggt vegna þess að heimilin voru jafnframt vinnustaðurinn. Þá þurfti litlar áhyggjur að hafa af því að unglíngarnir töluðu annað mál en foreldrarnir. Með breytingum sem orðið hafa, hefur hið mállega uppeldi þjóðarinnar raunverulega færst út af heimilinu og inn í skólana. Þess vegna verður aldrei ofbrýnt fyrir okkur mikilvægi þess uppeldisstarfs sem þar fer fram og kann að vera það sem skilur milli feigs og ófeigs í sögu okkar á næstunni. Þess vegna á ekki við neinn betur að gera en kennarana, sem hafa axlað þá ábyrgð með okkur foreldrum að koma börnum okkar til manns.

Við lifum á erfiðum tímum, er oft sagt. Í viðtali sem nýlega birtist við hinn heimskunna enska rithöfund Harold Pinter komst hann m.a. svo að orði: „Víst má túlka veruleikann á marga vegu. En samt er hann alltaf einn. Og ef þessi veruleiki er sá að þúsundir manna sé verið að pynta til dauða á þessu andartaki og hundruð þúsunda megatonna af kjarnorkusprengjum bíði þess að vera skotið á þessu augnabliki, þá er það svo, og það er mergurinn málsins. Við verðum að horfast í augu við það.“

Að horfast í augu við raunveruleikann felur það í sér að takast á við hann. Gleðjast yfir því sem gott er og hafna því sem við viljum ekki að yfir okkur dýnji.

Hinn kunnvi sísinda- og lærdómsmaður, landi okkar Wolfgang Edelstein, hefur um langt árabíl unnið með íslenskum börnum og unglíngum og kannað viðhorf þeirra til samtíðarinnar og umhverfis. Könnun hans hefur leitt í ljós að mikill fjöldi íslenskra ungmenna lifir í stöðugum ótta við tortímingu. Í þess konar veruleika er okkur mikil þörf á von, von um betri heim, von um varanlegan heimsfrið. Og okkur er mikil þörf á því, kynslóðum landsins, að geta rétt hver annarri höndina, tekist sameiginlega á við að byggja okkur brú, milli fortíðar og framtíðar, beint athygli okkar og kröftum að því sem sameinar okkur, en ekki sundrar, geta gengið til liðs við vonina og trúna á hin góðu öfl tilverunnar á nýju ári.

Ég óska landsmönnum öllum gleðilegs árs.